

# Útboðslýsing

## Fjárfestingarsjóður Júpíters


Maí 2019

Júpíter rekstrarfélag hf.,  
kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Júpíter rekstrarfélag hf., kt. 520506-1010, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund í fullu samræmi við staðreyndir.

Útboðslýsing þessi er gerð í samræmi við reglugerð nr. 1166/2013, um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf, og 51. gr. og 52. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.


Stjórn Júpíters rekstrarfélags hf. og framkvæmdastjóri  
Reykjavík, 14. maí 2019



Guðlaug Kristinsdóttir  
stjórnarformaður



Óttar Már Ingvarsson  
varaformaður stjórnar



Sigriður Mogensen  
meðstjórnandi



Ragnar Páll Dyer,  
framkvæmdastjóri

## 1. Upplýsingar um Fjárfestingarsjóð Júpíters

### 1.1. Heiti

Sjóðurinn heitir Fjárfestingarsjóður Júpíters. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. III. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

### 1.2. Stofndagur

Fjárfestingarsjóður Júpíters var stofnaður í janúar 2012 og fékk sjóðurinn staðfestingu sem fjárfestingarsjóður skv. lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011 í mars 2012. Júpíter rekstrarfélag hf. annast rekstur sjóðsins.

### 1.3. Deildaskipting Fjárfestingarsjóðs Júpíters

Fjárfestingarsjóður Júpíters starfar í þremur sjóðsdeildum:

Nafn	Kennitala
Júpíter - Innlend hlutabréf	570112-9960
Júpíter - Lausafjársjóður	570413-9960
Júpíter - Innlend skuldabréf	590613-9910
Júpíter - Sértryggð skuldabréf	501214-9810
Júpíter - Erlend verðbréf	541016-9960

Sjóðsdeildirnar hafa aðskilinn fjárhag innan rekstrarfélagsins og lúta fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Hver sjóðsdeild ber ábyrgð á sínum skuldbindingum. Þó bera deildir sjóðsins óskipta ábyrgð á sameiginlegum kostnaði þeirra.

### 1.4. Reglur og reglulegar skýrslur sjóðsins

Allar upplýsingar um Fjárfestingarsjóð Júpíters, útgefnar skýrslur, ársreikninga, útboðslýsingu og reglur má nálgast án endurgjalds hjá Júpíter rekstrarfélagi hf., Borgartúni 25, 2015, Reykjavík.

### 1.5. Skattaleg staða

Um skattalega meðferð hlutdeildarskírteina í Fjárfestingarsjóði Júpíters fer eftir lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þau eru skýrð á hverjum tíma og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér stöðu sína skattalega og er ráðlagt að leita til sérfróðra aðila á því svíði, s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda. Fjárfestingarsjóður Júpíters er ekki sjálfstæður skattaðili og er því ekki skattlagður sérstaklega. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eru hins vegar skattlagðir við innlausn þeirra. Gengishækkan hlutdeildarskírteina færst til tekna við innlausn eða þegar þær eru lausar til ráðstöfunar. Slíkar tekjur færast sem vaxtatekjur í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Júpíter rekstrarfélagi hf. er skylt við innlausn hlutdeildarskírteina að halda eftir fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum eigenda hlutdeildarskírteina og skila í ríkissjóð samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af Júpíter rekstrarfélagi hf. eru undanþegin stimpilgjöldum. Frekari skattlagning kann að eiga við einstaka fjárfesta, t.d. erlenda, með hliðsjón af þeim reglum sem kunna að eiga við um þá í hverju og einu tilviki.

### 1.6. Birting ársreiknings og ráðstöfun hagnaðar

Eins og skylt er skv. 49. gr. laga nr. 128/2011 birtast sérgreindar upplýsingar fyrir Fjárfestingarsjóð Júpíters í ársreikningi og árshlutauppgjöri Júpíters rekstrarfélags hf. Reikningsár Júpíters rekstrarfélags hf. er almanaksárið. Skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl ár hvert og árshlutauppgjör skal vera birt fyrir septemberlok. Ársreikningur skal lagður fyrir endurskoðanda. Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af fjármálagerningum og öðrum eignum í eigu sjóðsdeilda verður ekki greiddur út heldur ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingarstefnu og þ.a.l. bætt við höfuðstól hyrrar sjóðsdeildar.